

Stefna Akta sjóða um samfélagslega ábyrgð

Samþykkt í júlí 2021 / Ábyrgðaraðili: Regluvörður

Stefna þessi útlistar viðmið Akta sjóða hf. (hér eftir „Akta“) um samfélagslega ábyrgð. Með samfélagslegri ábyrgð er átt við að tekið sé mið af umhverfislegum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum í rekstri Akta.

Í rekstri Akta er unnið af heilindum með langtímahugsun að leiðarljósi. Ábyrg ákvarðanataka er okkur mikilvæg og reglufylgni, fagleg vinnubrögð, virk áhættustýring og góðir stjórnarhættir eru lykilþættir í vinnu okkar.

Við leggjum okkur fram um að vinna með ábyrgð okkar gagnvart umhverfi og samfélagi á jákvæðan hátt og við teljum að góðir stjórnarhættir séu mikilvægur þáttur í að sýna fram á ábyrgan rekstur.

Við fylgjum viðurkenndum viðmiðum í stjórnarháttum bæði í eigin starfsemi og við nýtingu atkvæðisréttar í fyrirtækjum sem sjóðir okkar fjárfesta í. Við leitum jafnframt ávallt leiða til að hvetja þau til að fylgja slíkum viðmiðum í starfsemi sinni. Við leggjum okkur fram um að vera ábyrgt fyrirtæki með heilbriggt starfsumhverfi og viljum vera samkeppnishæf um besta fólkið.

Við gerum starfsfólki kleift að nýta þekkingu sína á faglegan hátt og auka við hana, m.a. með því að veita því tækifæri til að þróast í starfi. Við leitumst við að gera starfsfólki okkar kleift að skapa jafnvægi milli vinnu og einkalífs og tökum þátt í verkefnum sem stuðla að velferð þeirra og heilbrigði.

Við lítum svo á að það felist margþættur ávinningur í að sýna fram á ábyrgð félagsins gagnvart umhverfi og samfélagi og teljum það byggja traustar undirstöður undir fjárhagslega frammistöðu félagsins.

Samþykkt af stjórn Akta sjóða hf. þann 6. júlí 2021